



Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal nemenda, starfsmanna og foreldra um snjalltækjareglur

Janúar 2020

Í febrúar 2019 voru settar nýjar reglur um um notkun snjalltækja í grunnskólum Fjarðabyggðar. Reglurnar eru eftirfarandi:

- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Mælt er til þess að nemendur geymi snjalltæki heima. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum.

- Brjótí nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökkva á því. Brjótí nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar/forráðamenn sækja það. Neiti nemandi að afhenda slík tæki þá skulu foreldrar/forráðamenn koma í skólann og ná í tækið.

- Þessar reglur og framkvæmd þeirra skal endurskoða í janúar 2020.

Samhliða setningu nýrra reglna voru grunnskólarnir snjalltækjavæddir, þannig að hver skóli fékk jafnmargar Chromebook vélar/i-padda og nemendur skólans voru og netsamband var bætt til að tryggja nemendum og kennurum betra og nútímalegra námsumhverfi.

Í reglunum kemur fram að endurskoða skuli þær í janúar 2020 og til þess að auðvelda ákvarðanatöku fól fræðslunefnd fræðslustjóra að leggja fyrir þrjár viðhorfskönnanir, eina fyrir nemendur í 6. – 10. bekk grunnskóla, aðra fyrir foreldra þeirra og þriðju fyrir starfsmenn grunnskóla.

Fræðslustjóri lagði könnunina fyrir nemendur grunnskólanna í Fjarðabyggð fyrri hluta janúarmánaðar og á sama tíma var könnun send á starfsfólk og foreldra nemenda í 6. – 10. bekk. Svör liggja nú fyrir og eftirfarandi er samantekt á heildarniðurstöðum.



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 6. -10. bekk	4
Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra nemenda í 6. -10. bekk	6
Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna grunnskólanna í Fjarðabyggð.....	7



Samantekt á niðurstöðum

Eins og fyrr segir lagði fræðslustjóri könnunina fyrir nemendur grunnskólanna í Fjarðabyggð í fyrri hluta janúarmánaðar. Farið var í alla 6. – 10. bekki grunnskólanna og nemendur svöruðu könnuninni í snjalltækjum skólans, slóðin á könnunina var síðan skilin eftir hjá skólanum þannig að nemendur sem ekki voru mættir gætu svarað næstu daga. Á sama tíma var slóð send á allt starfsfólk skólanna og til foreldra nemenda í 6. – 10. bekk. Í þessari skýrslu eru fyrst settar fram niðurstöður nemenda, síðan foreldra og að lokum niðurstöður starfsfólks. Helstu niðurstöður eru þessar:

Nemendum finnst reglurnar hafa haft frekar jákvæð áhrif á samskipti á skólatíma, 34% segja jákvæð eða mjög jákvæð, 45% hvorki né og 21% neikvæð eða mjög neikvæð. Fram kemur að um helmingur nemenda telji reglurnar hafa haft lítil áhrif á líðan og einbeitingu þeirra í skólanum og um fjórðungur telja áhrifin vera jákvæð eða mjög jákvæð og fjórðungur telur áhrifin neikvæð eða mjög neikvæð. Þegar spurt er út í viðhorf til reglnanna án þess að spurt sé um einstaka þætti eru nemendur frekar neikvæðir út í reglurnar. 42% þeirra eru neikvæðir eða mjög neikvæðir, 35% segja hvorki né og 23% eru jákvæðir eða mjög jákvæðir.

Í svörum frá foreldrum kemur fram mikil jákvæðni út í reglurnar, 85% eru jákvæðir eða mjög jákvæðir en 6% neikvæðir eða mjög neikvæðir. 67% þeirra telja reglurnar hafa haft jákvæð áhrif á skólagöngu barna sinna meðan 2% telja áhrifin neikvæð eða mjög neikvæð. Þegar spurt er um hvort reglurnar hafi haft áhrif á samskipti foreldra og barna segja 38% hvorki né, 59% segja áhrifin jákvæð eða mjög jákvæð og 3% telja áhrifin neikvæð.



Starfsmenn eru líkt og foreldrar ánægðir með reglurnar. 89% starfsmanna eru jákvæðir eða mjög jákvæðir, 4% hvorki né og 7% neikvæðir eða mjög neikvæðir. Þegar spurt er út í áhrif á vinnufrið segja 74% starfsmanna að áhrifin séu jákvæð eða mjög jákvæð, 20% segja hvorki né og 7% neikvæð eða mjög neikvæð. Einnig voru starfsmenn spurðir hvaða áhrif reglurnar hefðu haft á starf þeirra við skólann og þeirri spurningu svöruðu þeir þannig að 77% töldu áhrifin vera jákvæð eða mjög jákvæð, 15% sögðu hvorki né og 8% töldu áhrifin neikvæð eða mjög neikvæð.


Á heildina litið eru bæði foreldrar og starfsmenn ánægðir með reglurnar og áhrif þeirra. Nemendur eru frekar ánægðir með hvaða áhrif reglurnar hafa haft á samskiptin í skólunum, tæpur helmingur þeirra finnst reglurnar hafa haft lítil áhrif á einbeitingu og líðan meðan ca. fjórðungur telja áhrifin jákvæð og fjórðungur neikvæð, og um þriðjungur nemenda er alveg sama um nýjar reglur á meðan fjöldi þeirra sem eru neikvæðir út í þær eru helmingi fleiri en þeir sem eru jákvæðir.

Í næstu köflum eru niðurstöður úr svörum nemenda, foreldra og starfsmann settar fram á myndrænan hátt.






Niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 6. -10. bekk







Niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra nemenda í 6. -10. bekk





Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna grunnskólanna í Fjarðabyggð

